

Ed.

33. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson.

I. KAFLI

Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skal árlega leggja fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

A. Í kaupstöðum:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.4% og eigi hærri en 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.5%.

B. Í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 1%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.2% og eigi hærri en 0.5%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.

Í öðrum hreppum er heimilt að leggja á fasteignaskatt eins og hér segir:

1. Af lands- og lóðaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.
2. Af húsaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.2%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvila. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn leggur á skatt, sem er helmingur þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sót-hreinsun, sorphreinsun, salnernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1937, enda hafi hann þá verið tekinn upp í fjárhagsáætlunir kaupstaða og hreppa.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

II. KAFLI

Um vegaskatt í kaupstöðum.

9. gr.

Í kaupstöðum skal greiða í bæjarsjóð gjald, er nefnist vegaskattur, 10 kr. á ári fyrir hvern verkfæran karlmann, sem heimilisfang á í kaupstaðnum, í hverri stöðu sem er, á aldrinum 20—60 ára, og er gjaldanda í sjálfs vald sett, hvort hann greiðir gjald þetta í peningum eða vinnur það af sér eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

10. gr.

Bæjarstjórn ákveður gjalddaga vegaskatts og lætur fyrir desembermánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1936, gera skrá yfir þá, sem vegaskatt eiga að greiða. Skal skrá sú liggja frammi almenningi til sýnis frá 2.—16. janúar ár hvert í skrifstofu bæjarins, til þess að þeir, sem hafa athugasemdir við hana að gera, geti komið þeim að. Eftir skrá þessari eins og hún verður, er framkomnar athugasemdir hafa verið úrskurðaðar af bæjarstjórn, skal síðan innheimta skattinn það ár, sem skráin lá frammi.

11. gr.

Nú skýrir gjaldandi bæjarstjórn frá því, eigi síðar en á gjalddaga, að hann kjósi að vinna af sér skattinn samkvæmt 9. gr., og skal þá ekki innheimta hjá honum peningagjald, en bæjarstjórn lætur halda skrá yfir slíkar tilkynningar og kallar gjaldendur með hæfilegum fyrirvara til vinnu í flokkum, eftir því sem henta þykir, leggur til verkstjóra og ákveður, hvaða verk skuli vinna í hvert sinn. Ef gjaldanda er óhentugt eða ómögulegt að vinna á þeim tíma, sem hann er kvaddur, vegna atvinnu eða gildra forfalla, getur hann fengið frest, þó ekki lengur en 3 mánuði, nema sérstaklega standi á.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um kvaðning manna, fyrirkomulag vinnu og annað, sem þurfa þykir, í tilefni af ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Nú er kaupgjald í kaupstað það hátt, að fullkomið dagsverk verður herra metið en 10 krónur, og er gjaldanda þá eigi skylt að vinna lengri tíma en svo, að það svári til þess, að hann með því kaupgjaldi hefði unnið fyrir 10 krónum.

13. gr.

Vinnu, sem framkvæmd er eftir ákvæðum 9. og 11. gr., er bæjarstjórn heimilt að telja framlag af hálfu hægarsjóðs gegn atvinnubótastyrk úr ríkissjóði, enda sé dagsverk ekki metið herra en 10 kr.

14. gr.

Vegaskattinn lætur bæjarstjórn innheimta í peningum hjá þeim gjaldendum, sem ekki hafa kosið að vinna hann af sér samkvæmt 11. gr. Um dráttarvexti af vegaskatti fer eftir því, sem segir í 2. mgr. 8. gr

III. KAFLI

Um vörugjald.

15. gr.

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum í kaптúnunum, sem eru sérstök hreppsfélög, að leggja gjald eftir þeim reglum, sem segir í þessum kafla. á vörur, sem fluttar eru sjóleiðis að eða frá kaupstaðnum eða kaптúninu, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem varan er flutt að eða frá.

16. gr.

Vörugjald skal taka eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum.

Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun vörugjalds, enda afhendi skipstjóri innheimtumanni vörugjaldsins cintak af farmskrá, eftir sömu reglum og tollheimtumanni. Fylgi engin farmskrá vörum, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um tegund og magn vöru, sem skip hans flytur eða hefir flutt. Þyki innheimtumanni vörugjalds ástæða til, getur hann hvenær sem er látið hreppstjóra eða lögreglustjóra, en í Reykjavík tollstjóra, ákveða vörumagnið. Reynist vörumagnið meira en frá var skýrt, greiðir viðtakandi kostnaðinn, en ella bæjar- eða sveitarsjóður.

Ef fleiri en ein vörutegund er í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegundinni, sem gjaldhæst er.

17. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem fyrir er mælt í 18. gr., og greiða gjald eins og þar segir. Lægra vörugjald en 10 aura skal ekki innheimta. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, sker bæjarfógeti eða sýslumaður úr, en í Reykjavík tollstjóri.

18. gr.

Nú notar bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimild þá, er í 15. gr. getur, og skulu þá vörur flokkast og gjald greiðast eftir þeim reglum, sem hér segir, sbr. þó 19. gr.

1. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.

Allskonar fiskur og fiskiafurðir, allskonar síld og síldarafurðir, allskonar kjöt og kjötafurðir, gærur, húðir, ull, mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, smjörlíki og ís, sbr. þó 19. gr.

2. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.

Kol, salt, sement, oliur og járnvörur.

3. flokkur. Gjald 5 aurar hvert stykki.

Tómar tunnur.

4. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet.
Trjáviður og aðrar vörur, sem taldar eru eftir rúmmáli.

5. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg.
Allar aðrar vörur, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar.

19. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

- a. Vörur, sem eftir farmskrá skips eru ákveðnar til annarar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, til umhleðslu eða í misgripum.
- b. Nýr og saltaður fiskur, óverkaður, og nýjar fiskiafurðir og sild, þegar þetta er fyrst flutt í land eða flutt að frá öðrum stöðum.
- c. Innlend mjólk, mjólkurafurðir og sláturfjárafurðir þegar þetta er flutt milli hafna innanlands.
- d. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar í skip úr landi.
- e. Póstur og farangur ferðamanna.
- f. Innlend alidýr á fæti, svo sem hestar, kýr, sauðfé og alifuglar.

20. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar milli skipa, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörunar eru komnar í skip.

21. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir annast innheimtu vörugjalds, og hafa þær haldsrétt í vörunum þar til gjaldið er greitt.

Heimilt er að fela bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra innheimtuna, og skal þá greiða þeim 5% í innheimtulaun, enda gera þeir þá reikningsskil eftir því sem um er samið við bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

22. gr.

Nú færir bæjarstjórn eða hreppsnefnd rök að því fyrir atvinnumálaráðherra, að bæjarfélagi eða kaupþúni sé mjög erfitt að standa í skilum nema gjald það, sem í 18. gr. getur, sé hækkað, og er ráðherra þá heimilt að hækka það í heild eða einstaka flokka um allt að 100%, þó ekki lengur en tvö ár í senn.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1936

IV. KAFLI

Um aðflutningsgjald.

24. gr.

Til þeirra hreppa, sem ekki geta notið vörugjalds samkvæmt 3. kafla, skulu renna aðflutningsgjöld, eins og segir í þessum kafla.

25. gr.

Við aðflutningsgjöld þau til rikissjóðs, sem hér greinir:

- a) Kaffi- og sykurtoll
- b) Annað aðflutningsgjald
- c) Vörutoll og
- d) Verðtoll

skal bæta 5 af hundraði af gjöldunum eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptlist viðaukagjald þetta eftir mannfjölda milli þeirra hreppa, sem njóta eiga gjaldsins samkvæmt 24. gr.

26. gr.

Þeir embættismenn, sem innheimta gjöld þau til rikissjóðs, sem nefnd eru í 25. gr., innheimta einnig gjaldið til hreppsfélaga, og leggja sýslumenn það í lok hvers ársfjórðungs til geymslu í banka eða tryggum sparisjóði, en tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetarnir í Vestmannaeyjum, Siglufirði og Norðfirði leggja hið innheimta gjald í reikning í Landsbanka Íslands, eftir tilvísun atvinnumálaráðherra. Jafnframt senda allir þessir embættismenn atvinnumálaráðherra skýrslu um innborgunina, hversu há fjárhæðin er og hvar hún sé geymd.

27. gr.

Þeir embættismenn, sem í 26. gr. getur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1937, senda atvinnumálaráðherra skýrslu um, hve miklu gjald það hefir numið á síðastliðnu almanaksári, sem um er rætt í 25. gr., svo og skýrslu um íbúatölu sérhvers þeirra hreppa, sem samkvæmt 24. gr. eiga að njóta aðflutningsgjaldsauka þess, sem ræðir um í kafla þessum.

28. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hafa borizt allar skýrslur, sem nefndar eru í 27. gr., lætur hann gera skrá um fjárhæð gjaldaukans eins og hann var samtals á öllu landinu á síðastliðnu almanaksári, svo og skrá um samanlagða íbúatölu þeirra hreppa allra, sem hlutdeild eiga að fá í gjaldaukanum, skiptir síðan fjárhæðinni eftir íbúatölu milli hinna einstöku sýslna og sendir hlutaðeigandi sýslumanni skýrslu um, hve mikið hver hreppur skuli fá. Um leið sendir ráðherra sýslumanni það fé, sem á að fara í sýslu hans umfram það, sem þar hefir verið innheimt, eða leggur fyrir hanu að senda það, sem innheimt kynni að vera umfram það, sem hreppar sýslunnar eiga að fá. Sýslumaður greiðir síðan hlutaðeigandi hreppsnefndum það, sem þær eiga að fá samkvæmt skýrslu atvinnumálaráðherra.

29. gr.

Nú óskar hreppsnefnd, að sýslumaður greiði sér hluta af gjaldauka þeim, sem ræðir um í 25. gr., áður en niðurjöfnun ráðherra eftir 28. gr. hefir farið fram, og er sýslumanni þá heimilt að gera það, ef hann telur hreppssjóð þurfa á því að halda, enda fari slík greiðsla ekki fram úr 2 kr. á íbúa hreppsins.

30. gr.

Um gjaldauka þann, er í 25. gr. segir, fer að öllu öðru en hér er sagt eftir gildandi lagaákvæðum um aðalgjaldið.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1936

V. KAFLI

Um skatt ríkisstofnana.

32. gr.

Engin stofnun ríkisins er útsvarsskyld eftir efnun og ástæðum.

33. gr.

Verzlunarstofnanir ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

34. gr.

Auk þess skatts, er í 33. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettóágóða stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, sem um ræðir í 36. gr.

Gjalddagi skattsins er 1. marz ár hvert.

35. gr.

Sildarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 1 af hundraði af andvirði seltrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

36. gr.

Fé það, er í 34. gr. getur, skal leggja í sjóð í Landsbanka Íslands, og nefnist sá sjóður „Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna“.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.

37. gr.

Árlega skal verja 90 af hundraði af tekjum Jöfnunarsjóðs kaupstaða og kauptúna til þess að greiða að fullu eða lækka lán bæja og kauptúna, sem þeim eru óhagkvæm, eða til að bæta úr tjóni, sem kaupstaður eða kauptún hefir orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

38. gr.

Alþingi kýs 3 menn, með hlutfallskosningu, til eins árs í senn, til þess að hafa með höndum úthlutun á fé Jöfnunarsjóðs. Skulu þeir eigi síðar en 1. júní ár hvert hafa lokið úthlutun fjárens og sent atvinnumálaráðherra skýrslu um hana.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum. en náist ekki meiri hluti um eitt eða fleiri atriði, sker atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðherra gerir þegar eftir móttöku skýrslu þeirrar, sem í 1. málsgr. getur, þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að greiðslur þær, er sjóðstjórnin hefir ákveðið, verði inntar af hendi til réttra aðilja, og sker úr ágreiningsi, sem fram kann að hafa komið.

39. gr.

Stjórn sjóðsins skal eftir föngum afla sér glöggra skýrslna um fjárhagsástand og afkomu bæjarfélaga og kauptúna, og skulu þau ganga fyrir um styrk úr sjóðnum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við.

Sama bæjarfélagi eða kauptúni má þó eigi styrk veita tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða

40. gr.

Ekki þurfa bæjarstjórnir eða hreppsnefndir í kauptúnnum að sækja um styrk úr Jöfnunarsjóði, en skylt er þeim að gefa stjórn hans fullnægjandi skýrslur um efnahag sinn, ef hún óskar þess. Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjarfélög og kauptún hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

41. gr.

Það af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað til bæjarfélaga og kauptúna, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn.

42. gr.

Stjórnendur sjóðsins fá í þóknun fyrir störf sín 200 krónur hver á ári, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.

Atvinnumálaráðherra lætur árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal fylgja landsreikningunum.

43. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. janúar 1937.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

44. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

45. gr.

Frá 1. janúar 1937 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
 2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
 3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
 4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurbhreppi.
 5. Lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.
 6. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
 7. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
 8. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðar-kaupstað.
 9. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
 10. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
 11. Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., 4. gr. 2.—4. málsg.
 12. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.
- Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Á fundi í sameinuðu Alþingi 2. des. 1935 var samþykkt svo hljóðandi þingsályktunartillaga:

„Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.“

Þingsályktun þessi var fram komin fyrst og fremst af þeim ástæðum, að á því þingi höfðu komið fram margar tillögur og frumvörp um auknar tekjur sveitar- og bæjarfélaga, en af þeim náðu aðeins tvö frumvörp samþykki Alþingis. Hinum var vísað frá í trausti þess, að fyrir þinginu 1936 mundi liggja frumvarp eða frumvörp, sem bættu að einhverju úr hinni brýnu þörf, sem orðin er á því, að auka tekjur sveitarfélaganna og tryggja þær.

Með bréfi atvinnumálaráðherra, dags. 2. jan. þ. á., vorum við undirritaðir, Jónas Guðmundsson, Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson, skipaðir í nefnd til þess að undirbúa frumvarp að lögum um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn í Alþingishúsinu 3. janúar, og hóf þá þegar störf sín í þessu skyni. Að visu gat Bernharð Stefánsson ekki starfað í nefndinni fyrr en 18. janúar, vegna fjarveru úr bænum, og Jónas Guðmundsson ekki frá 10.—20. janúar af sömu ástæðum. Síðan hefir nefndin unnið óslitið að þessum málum, haldið fundi daglega og skipt með sér störfum eins og bezt þótti henta.

Árangurinn af starfi nefndarinnar er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og tillögur þær, er felast í greinargerð þessari.

Á hinum síðari árum hefir meir og meir borið á því, að bæjar- og hreppsfélög landsins hafa átt erfitt með að inna af hendi þau hlutverk, sem þeim eftir löggjöfinni er ætlað. Um þetta munu allir sammála, en vera má, að nokkuð greini á um orsakir. Varla mun þó um það verða deilt, að aðalorsökin sé hin örðugu viðskipti í heiminum, eða það, sem venjulega er nefnt „kreppa“. Örðugleikar viðskiptalífsins koma ákaflega hart niður á oss, einmitt af því, að vér þurfum, til þess að lifa menningarlífi, að hafa mjög mikil viðskipti við aðrar þjóðir. Verzlunarörðugleikar umheimsins hljóta því að snerta alla landsmenn meira og minna, og er ekki undarlegt, að bæjar- og hreppsfélög hafi orðið að súpa seyðið af því eins og aðrir, enda er svo komið um sum sveitarfélög, að þau hafa alveg gefizt upp í baráttunni og hafa orðið að leita á náðir rikissjóðs.

Það er varla efamál, að hið þyngsta höl, sem hefir þjakað bæjarfélögin undanfarin kreppuár, er atvinnuleysið, og þar af leiðandi aukin gjöld og minnkuð gjaldgeta skattþegnanna. Til sveita hefir kreppan lýst sér sérstaklega átakanlega í skorti á gjaldeyri, svo að útsvarsgreiðendur hafa ekki getað staðið í skilum og hreppar þar af leiðandi komizt í vanskil gagnvart sínum lánardrottnum. Alveg sérstaklega hefir þetta komið fram að því er snertir endurgreiðslu fátækrastyrks, er þeginn hefir verið utan framfærslusveitar og því átt að greiðast með peningum út úr hreppnum.

Ekki munu vera skiptar skoðanir um það, að tilraun verði að gera til þess að kippa þessu í lag. Ýms sveitarfélög telja, að á þau séu nú lagðar svo þungar byrðar, að þau fái ekki undir risið. Þegar sú skoðun nær tókum, er ekki nema eðlilegt, að sveitarfélögin leggi árar í bát, hætti að reyna að bjarga sér eða standa í skilum, meðfram fyrir þessa trú, og jafnvel meira en þyrfti og ætti að vera. Það er sem sé alkunnugt, að sá, sem er svo skuldum eða kvöðum hlaðinn, að hann sér engan veg til að standa í fullum skilum, hann verður sljór fyrir því að sýna skil, jafnvel einnig á þeim sviðum, sem honum ætti að vera það mögulegt.

Það, sem hér hefir verið sagt, virðist stjórn og þing hafa viðurkennt í verkinu með löggjöf þeirri um kreppuhjálp, sem sett var á síðasta þingi. Framfærslulögin nýju ættu og að bæta úr fyrir ýmsum hreppum og kaupstöðum. Að sönnu losnar þjóðfélagið í heild ekki við gjöld fyrir þeirra tilstilli, en ætla verður, að gjöldin komi sanngjarnara niður en áður var.

Kreppulánalöggjöf bæjar- og sveitarfélaga er ætlað að skipta þeim byrðum, sem þegar eru á fallnar, þannig á framtíðina, að ætla megi, að undir þeim verði risið. Framfærslulögunum er ætlað að skipta áfallandi byrðum í framtíðinni réttlátar en verið hefir. En þá er eftir að reyna að búa svo um hmúta,

að bæjar- og sveitarfélögin geti haft þær tekjur, sem ætla má að þau þurfi til þess að standa undir byrðunum eins og þær verða dreifðar eftir kreppulánalöggjöfinni og jafnaðar eftir framfærslulöggjöfinni. Úr þessari þörf á þetta frumvarp að bæta, ef að lögum verður og það nær tilgangi sínum. Auðvitað má ekki gleyma því, að á bæjar- og sveitarfélögunum hvila mörg og margvísleg gjöld, önnur en skuldasöfnun fyrri ára og fátækraframfærslan, þótt þessir tveir síðasttöldu liðir séu mjög víga einna tilfinnanlegastir.

Það, sem vakti fyrir flutningsmönnum þingsál. frá 2. des. f. á., var það, að sú tekjuöflunarölggjöf, sem bæjar- og sveitarfélög nú hafa við að búa, — sem er þá sérstaklega útsvarslögin — yrði endurskoðuð gaumgæfilega og breytt í það horf, er betra þætti en nú er, og að jafnframt væri sveitar- og bæjarfélögum fengnir nýir tekjustofnar, sem gætu borið nokkuð af byrðum þeim, sem útsvörin verða nú að standa undir.

Nefndinni varð þegar í upphafi ljóst, að sá rúmi mánuður, sem hún hafði til umráða til þess að gera tillögur sínar og semja frumvarp fyrir næsta Alþingi, nægði hvergi nærri til þess að gera það hvorttveggja, að endurskoða útsvarslögin og koma fram með ný tekjuöflunarfrumvörp. Varð það því að samkomulagi að reyna heldur að finna leiðir, sem veittu sveitar- og bæjarfélögum nýjar tekjur — þ. e. aðrar tekjur en útsvörin —, en láta endurskoðun á útsvarslögunum biða til næsta þings.

Þó er rétt að taka það fram strax, að nefndin er öll á einu máli um, að ekki megi lengur dragast en til þingsins 1937, að fram fari gagngerð endurskoðun á útsvarslögunum. Nefndin telur, að þegar að þessu þingi loknu ætti að hefja endurskoðun útsvarslaganna, svo fyrir næsta Alþingi geti legið vel undirbúið frumvarp um það efni. Ætti ekki að þurfa sérstaka þingsályktun um það, þar sem starf þessarar nefndar getur ekki talizt nema nokkur hluti þess starfs, sem ætlað var, að framkvæmt yrði eftir þingsál. frá 1935.

Eins og nú er ástatt má segja, að útsvörin séu *eini* tekjustofninn, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa. Nokkur bæjarfélög hafa að visu einhverja aðra tekjustofna, en þeim er þó oftast ætlað það aðallega, að bera sérstök útgjöld í bæjarfélaginu, og geta því tæpast skoðast sem tekjustofn, er beri uppi hin almennu útgjöld bæjar- eða sveitarfélagsins.

Árið 1933 voru útsvör á öllu landinu *5 millj. og 100 þús. krónur*. Þar af í kaupstöðum kr. 3547602.00, en á öllu landinu, utan kaupstaðanna, kr. 1551442.00. Síðan hafa útsvörin hækkað í Reykjavík einni um rúml. eina milljón króna, og auk þess er vitað, að þau hafa víðast hvar, ef ekki alstaðar annarsstaðar aukizt til muna, svo nú má óhikað fullyrða, að þau séu 6,5—7 millj. króna á öllu landinu. Til samanburðar má benda á, að tekju- og eignarskatturinn til rikissjóðs, að viðbættum hátekjuskattinum, mun ekki ná 2 millj. króna, og þykir hann þó orðinn æðihár.

Það er ennfremur komið í ljós, að *ekki er unnt að fá útsvörin greidd*, ef eitthvað ber út af í árferði, og af því hefir leitt, að fjöldi sveitarfélaga er kominn í fjárhagslegt öngþveiti, og sum hver alveg hætt að hugsa um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Verði slíkt ástand almennt, leiðir það til

hreinnar eyðileggingar, og er því ekki vanþörf á að taka þessi mál föstum tókum.

Það má því telja fullkomna staðreynd, að sú leið, að hafa útsvörin *eina* tekjustofninn fyrir bæjar- og sveitarfélögin, er ekki lengur fær, og ráð verða að finnast til að dreifa útsvarspunganum, eða létta af byrðunum að öðrum kosti.

Leiðirnar, sem um getur verið að ræða, eru því þessar:

1. Að rikissjóður láti af hendi við sveitar- og bæjarfélögin eitthvað að þeim tekjustofnum, sem hann nú hefir.
2. Að dreifa tekjum sveitar- og bæjarfélaga á fleiri tekjustofna, og þá einhverja nýja, sem þau hafa ekki áður haft.
3. Að létta af bæjar- og sveitarfélögum einhverju af þeim byrðum, sem þau nú bera, og leggja þær á rikissjóð eða aðra aðila.

Að því er tekur til síðasta atriðisins — að létta útgjöldum af sveitar- og bæjarfélögum — leit nefndin svo á, að það heyrði tæplega hennar verksviði til að gera þar um tillögur, og því hefir lítið verið um það rætt í nefndinni.

Hinsvegar telur nefndin sjálfsagt, að það verði tekið til athugunar nú á þessu þingi — og þá alveg sem sérstakt mál —, hvort berkalvarnagjaldinu skuli létt af, þar sem vafasamt verður að teljast, hvort það getur samrýmt berklavarnalögunum, að krefja þetta gjald af kaupstöðunum eftir að sjúkra-samlögin þar hafa tekið að nokkru leyti við framfærslu sinna berklasjúklinga. En um þetta atriði gerir nefndin ekki neinar tillögur og álitur þessa hlið málsins liggja fyrir utan verksvið sitt.

Hinar tvær leiðirnar komu til umræðu og álita í nefndinni. Taldi einn nefndarmanna (M. G.) rétt, að rikissjóður léti af hendi við sveitarfélögin a. m. k. hálfan fasteignaskattinn. En hinir tveir nefndarmanna (B. St. og J. G.) töldu sér ekki fært, að svo stöddu, að leggja það til, þar sem tæplega hefði enn tekizt að jafna halla fjárlaganna, enda mætti, ef það sýndi sig við afgreiðslu fjárlaganna, að unnt yrði fyrir rikissjóð að sjá af þeim tekjum, á auðveldan hátt heimila að greiða fasteignaskattinn til bæjar- og sveitarfélaganna.

Nefndin valdi því þá leið í tillögum sínum, að reyna það hvorttveggja, að dreifa nokkrum hluta útsvaranna á fastari stofna (fasteignaskattinn) og að útvega sveitar- og bæjarfélögum nýja tekjustofna, sem þau hafa ekki áður haft, og er nefndin sammála um, að eins og nú horfir er það eina leiðin, sem líklegt er að fær sé. Hinsvegar eru skoðanir nefndarmanna nokkuð skiptar um, hversu langt skuli gengið í ýmsum atriðum, en frumvarpið eins og frá því er gengið, er það, sem samkomulag hefir náðst um að bera fram, með sérstöku tilliti til þeirrar nauðsynjar, sem er á því að fá löggjöf setta um þetta efni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að bera fram í þinginu breytingartillögur í þá átt, sem skoðun þeirra hvers um sig segir til um, og hafa því sem þingmenn óbundið atkvæði um einstaka kafla og einstök atriði frumvarpsins.

Áður en vikið er að hinum einstöku köflum og greinum frumvarpsins,

er rétt, að gerð sé nokkur grein fyrir skýrslum þeim, sem prentaðar eru hér á eftir.

Skýrsla I. sýnir útsvör á öllu landinu 1933, gjaldendafjölda og mannfjölda í hverjum kaupstað, hreppi og sýslu.

Skýrsla II. sýnir, hvað fasteignaskatturinn, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, gæfi í kaupstöðunum 8, ef hann væri notaður þar til fulls, eins og frumvarpið heimilar. Þó ber þess að gæta, að ógerningur hefir reynzt að fá það sundurliðað, hvert er matsverð byggingarlóða og mannvrikja, er ekki teljast húseignir, og annars lands, en þar er skatturinn ekki heldur reiknaður nema helmingur þess, er hann má hæstur verða eftir tillögum nefndarinnar, svo ætla má, að hann muni alltaf geta gefið það, sem hér er áætlað. Það verður og að athuga, að allir kaupstaðirnir hafa einhvern fasteignaskatt fyrir, og því er þar ekki um að ræða nýjar tekjur nema að því leyti, sem álagið á fasteignirnar yrði hækkað frá því sem nú er.

Skýrsla III. sýnir hið sama fyrir sýslur eins og skýrsla II. sýnir fyrir kaupstaði. Þó ber þess að gæta þar, að með í sýslunum eru reiknuð *kaupúnin*, en þau hafa í tillögum nefndarinnar heimild til að hafa gjaldið á fasteignirnar hærra, og mundi því skatturinn verða til muna hærri en skýrslan sýnir, ef kaupúnin notuðu þennan rétt sinn.

Skýrsla IV. sýnir, að svo miklu leyti sem unnt er, hvernig skatturinn skiptist í öllum helztu kaupúnunum, ef þau nota heimildina til fulls, en þar hefir orðið að áætla lóðaverð og annað landverð, því það sést ekki nema að nokkru leyti í fasteignamatinu.

Skýrsla V. sýnir hver skatturinn yrði í nokkrum hreppum (einum í hverri sýslu), og eru þeir valdir af handahófi og áætlað 0.2% bæði á land og húsverð.

Í öllum þessum skýrslum eru útsvörin 1933 sett til samanburðar.

Skýrsla VI. sýnir hvað skatturinn yrði á hvert býli í heilum hreppi til sveita, og skýrsla VII. sýnir hver skatturinn yrði á nokkrar húseignir og byggingarlóðir í kaupstöðum.

Þá telur nefndin rétt að gera hér grein fyrir, hverju tekjuauki sá nemur fyrir bæjar- og sveitarfélögin, sem í tillögum hennar er gert ráð fyrir að fáist, ef að lögum verður.

Verður þó að hafa það í huga, að hér er bæði um að ræða heimildarskatta sem sveitar- og bæjarfélögunum er nokkuð í sjálfsvald sett, hvort þau nota sér, og að hve miklu leyti þau nota sér þá, og eins hitt, að í sumum atriðum er mjög erfitt að áætla, hverju tekjuaukinn muni nema (t. d. vörugjaldið), en nefndin telur sig þó hafa áætlað þetta svo gætilega, að sú upphæð ætti að nást, sem hér er ráðgert að fáist, ef heimildirnar í lögnum yrðu notaðar að fullu.

Skal þetta þá sundurliðað hér milli kaupstaða og kaupúna annarsvegar og sveita hinsvegar.

I. Kaupstaðir og kauptún:

1. Fasteignaskatturinn:

a) Í kaupstöðum	kr. 1215000
b) Í kauptúnum	— 60000
	————— kr. 1275000
2. Vegaskattur (áætl.) ca. 13 þús. verkf. menn, 10 kr. á mann	— 130000
3. Vörugjald (áætlað)	— 650000
4. Skattur ríkisverzlana (viðbót)	— 100000
5. Skattur sildarverksmiðjanna (áætlað)	— 30000
	—————
	Samtals kr. 2185000

Frá dregst:

1. Fasteignaskattur sem fyrir er	kr. 700000
2. Vörugjöld til bæjarsj. í Vestm. ca.	— 35000
	————— kr. 735000
	Aukning samt. kr. 1450000

II. Sveitir:

1. Fasteignaskattur (áætlaður)	kr. 125000
2. Aðflutningsgjaldsauki (áætlaður)	— 225000
	—————
	Aukning samtals kr. 350000

Samtals aukning í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum *kr. 1800000.*

Nú munu útsvörin vera um kr. 6800000, og sé frá þeim dregin þessi aukning af nýjum tekjustofnum eða hreyttum álagningaráðferðum, ættu útsvörin því að geta lækkað um 1,8 milljónir króna, eða úr 6,8 milljónum í 5 milljónir króna, og er það sem næst $\frac{1}{4}$ hluta þess sem þau nú eru.

Okkur er það ljóst, að það verða að mörgu leyti hinir sömu gjaldendur, sem greiða þessa skatta og þeir, sem greiða útsvörin nú, en skiptingin verður önnur. Þessir skattar fást betur og fyrr greiddir, og hættan á að þeir tapist er minni en nú er um útsvörin.

Vafalaust á frumvarp þetta eftir að taka ýmsum endurbótum í meðferð þingsins, en við vonum, að okkur hafi tekizt með þessu frumvarpi að leggja grundvöllinn að nýrri löggjöf fyrir sveitar- og bæjarfélögin, sem í framtíðinni megi verða til þess að rétta við og tryggja fjárhag þeirra, og Alþingi síðar eykur við og endurbætir eins og þörf þykir.

Um einstaka kafla og gr. frv. þykir ástæða til að taka það fram, sem hér segir:

Um I. kafla.

Auk fasteignaskatts þess, sem í ríkissjóð hefir runnið, hefir í öllum bæjarfélögum, að Hafnarfirði undanskildum, verið greiddur fasteignaskattur til bæjarsjóða samkvæmt sérstökum lögum. Langhæstur hefir þessi skattur verið í Reykjavík, sbr. lög nr. 36 4. júní 1924 og lög nr. 44 15. júní 1926. Af öðrum kaupstöðum, sem slíka löggjöf hafa, má nefna Akureyri (lög nr. 16 27. júní 1921), Seyðisfjörð (lög nr. 61 28. nóv. 1919), Vestmannaeyjar (lög nr. 23 15.

júní 1926, sbr. lög nr. 40 19. júní 1933), Neskaupstað (lög nr. 11 6. júlí 1931), Siglufjörð (lög nr. 31 15. júní 1926) og Ísafjörð (lög nr. 124 31. des. 1935). Aðeins eitt sveitarfélag hefir hingað til haft þessa heimild, en það er Húsa-vikurhreppur (lög nr. 22 19. júní 1922). Nú er það tilgangur nefndarinnar, að í öllum bæjum og kauptúnum verði aflað nokkurs af tekjum með nýjum fasteignaskatti og þar haft talsvert svigrúm, svo að þörf og aðrar ástæður geti fyllilega notið sin. Verði þetta samþykkt, eiga öll þessi nefndu sérákvæði að falla í burtu. Í sveitum telur nefndin þó ekki rétt að fara lengra en heimila fasteignaskatt.

Hve hátt þetta gjald megi vera, er mjög mikið álitamál. Hámark þess, sem leyfilegt er, má þó alls ekki vera lægra en nú er ákveðið á einhverjum stað, því að ekki er líklegt, að unnt verði að lækka slík gjöld neinsstaðar. Það ráð hefir því verið tekið, að setja hámarkið í kaupstöðum lítið eitt hærra en nú er í lögum fyrir Reykjavík að því er hús snertir, og um lóðir eins og hámarkið er nú á Akureyri, en hver bæjarstjórn er sjálfráð um, hversu hátt hún fer innan þessara takmarka. Í Reykjavík er skatturinn nú 0,8% á húsum, 0,6% á byggingarlóðum og 0,1% á öðrum lóðum. Aðrir bæir, sem slíkt gjald hafa, eru allir með lægri skatt, þegar tekið er tillit til húsaskattsins þar, í Vestmannaeyjum t. d. 0,4% af húsum og lóðum, á Siglufirði einnig 0,4% af sumum húsum og lóðum, en sumum 0,2%. Í Neskaupstað er skattur aðeins goldinn af húsum, og er hann 0,5%. Á Ísafirði má taka í skatt allt að 1% bæði af gjald, en það má fara upp í 2%. Á Ísafirði má taka í skatt allt að 1% bæði af húsum og lóðum.

Það hefir þótt rétt að hafa hámark fasteignagjaldsins lægra í kauptúnum, sökum þess að þar njóta íbúarnir venjulega miklu minni hlunninda en í kaupstöðum, t. d. að því er snertir sorphreinsun, hreinsun reykháfa o. fl.

Þriðja hámarkið hefir verið sett að því er snertir sveitir og kauptún með undir 300 íbúa, enda eru þau þá hluti úr hreppi. Hámarkið á skattinum til sveita verður að vera miklu lægra en í kaupstöðum og hinum stærri kaup-túnum, og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrst og fremst má benda á það, að margar sýslur landsins hafa af frjálsum vilja lagt á sig allþungan skatt, sem miðaður er við skattmat fasteigna, en skatti þessum er varið til sýsluvega. Í öðru lagi er nú svo ástatt, að jarðir leggjast sumstaðar í eyði vegna þess hve illa landbúnaður ber sig, og er af þessari ástæðu auðsætt, að hinnar mestu varkárni verður að gæta um skattálögur á fasteignir í sveitum. Því var hreyft í nefndinni, hvort rétt mundi að hafa þennan skatt skylduskatt í sveitum, og varð ofan á að leggja til, að svo verði ekki, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um þetta á þingi.

Um 1. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda umfram það, sem sagt er í hinum al-mennu athugasemdum um kaflann.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar gr. um, hver greiði skattinn, eru í samræmi við ákvæði gildandi laga um fasteignaskatt til ríkisins. Það kom til orða í nefndinni að

fela sýslumönnum og bæjarfógetum (tollstjóra í Reykjavík) að innheimta þennan skatt í sveitum með fasteignaskatti ríkisins, en það varð ofan á að láta hreppsnefndir annast innheimtuna.

Um 3. gr.

Þar sem bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er ætlað talsvert svigrúm um upphæð skattsins, verða þær að ákveða hann með reglugerð, hver fyrir sig, og til þess, að ekki verði á þessu sífelldar breytingar, þykir rétt, að slíkar reglugerðir um ákvörðun skattsins skuli gilda 5 ár. Rétt virðist, að reglugerðir þessar séu staðfestar, og þær verða að vera til í opinberum skjólum. Reglugerðir þessar verður mjög vandalítið að búa út, því að í þeim þarf lítið annað að standa en hversu háur skatturinn skal vera og hvenær gjalddagi hans sé.

Um 4. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við gildandi ákvæði í bæjargjaldalögum Reykjavíkur, 4. júní 1924, sbr. lög nr. 66 27. júní 1921. Að því er snertir þennan skatt er ekki rétt að undanskilja fasteignir ríkissjóðs, þar sem hér er eingöngu um bæjarskatt og sveita að ræða.

Um 5. gr.

Gr. er í samræmi við gildandi ákvæði, þ. e. lög þau, sem nefnd eru í athugasemd um 4. gr.

Um 6. gr.

Um þessa gr. er hið sama að segja og um 5. gr.

Um 7. gr.

Þar, sem kaupstaðir hafa fengið heimild til að leggja á fasteignaskatt, hefir það oftast verið skilyrði, að bæjarfélagið, svo sem til endurgjalds, tæki að sér að framkvæma ýms verk í bænum, sérstaklega hreinsun reykháfa, sorphreinsun, salernahreinsun og sumstaðar eyðingu á rottum. Í frv. þessu er farin sú leið, að fyrirskipa, að bæirnir taki að sér þessi störf án endurgjalds frá skattþegnum, ef skatturinn nær helmingi hins leyfða hámarks. Virðist þetta sanngjörn regla.

Hinsvegar er gengið út frá, að engin breyting verði að því er snertir vatnsskatt, þar sem vatnsleiðslur eru, né um gjöld til holræsa, gangstétta m. m.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um II. kafla

(Vegaskattur kaupstaða).

Eins og kunnugt er, er svo fyrir mælt í vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, að hver verkfær karlmaður, sem búsettur er utan kaupstaða, skuli leggja fram

til hreppa- og sýsluvega allt að 10 kr. á ári, og vinna gjaldendur mjög oft þennan skatt af sér með því að leggja fram dagsverk, eitt eða fleiri, frá heimili. Í kaupstöðum hefir ekki verið neitt tilsvarendi gjald, og þó munu þeir yfirleitt leggja fram hlutfallslega meira fé til gatnagerðar en hreppar til vega. Að þessu athuguðu hefir nefndin talið rétt að leggja á vegaskatt, einnig í kaupstöðum. Það er þó ekki ætlað til, að skattur þessi verði í reyndinni nýr skattur, heldur tilfærsla. Útsvör kaupstaðanna eiga að minnka sem þessum skatti svarar, því að jafnvel þótt margir vinni hann af sér, þá hlýtur að mega nota, að minnsta kosti að mjög miklu leyti, þá vinnu, sem á þennan hátt fæst, til þess að framkvæma verk, sem að öðrum kosti yrðu greidd með peningum úr bæjarsjóði. Það, sem ynnist við þetta fyrirkomulag, ætti að vera það, að gjald, eða réttara sagt gjalds-ígildi (vinna), fengist hjá mörgum, sem það ella fengist ekki. Það er vitaskuld, að fjölda manna getur skort gjaldeyri til þess að borga þennan skatt sinn, en þeim gerir tiltölulega lítið til, þótt þeir vinni fyrir skattinum. Vinnunni mætti sennilega að miklu leyti haga þannig, að ekki kæmi mikið í bága við atvinnu, en hafi hlutaðeigandi jafnan vinnu, á honum undir flestum kringumstæðum að vera vorkunnarlaust að greiða í peningum þessa upphæð, sem þá í raun réttari væri partur af útsvari hans. Verður því ekki annað séð en að með þessu sé sanngjarnlega í farið, hvort sem lítið er á mikið af hálfu bæjar eða gjaldanda.

Um 9. gr.

Með því að í þessari gr. eru aðeins gefin hin almennu fyrirmæli um gjaldskylduna og sagt, hversu greiða má, þykir gr. ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 10. gr.

Í þessari gr. er fyrirskipað að gera árlega skrá yfir þá, sem gjaldskyldir eru. Virðist ekki verða hjá því komizt, enda á þetta ekki að vera mjög mikil fyrirhöfn, því að manntal liggur fyrir. Í sveitum eru þessar skrár árlega gerðar, sem kunnugt er. Nánari reglur en gr. gefur eru tæpast nauðsynlegar.

Um 11. gr.

Að mestu má, að því er þessa gr. snertir, vísa til hinna almennu athugasemda um kaflanu, að því viðbættu, að það þykir sjálfsagt að fela bæjarstjórn að setja nánari reglur um fyrirkomulag vinnunnar og annað, sem þar að lýtur.

Um 12. gr.

Þessi gr. er sett til að fyrirbyggja, að þeir, sem vinna af sér skattinn, verði harðar úti en þeir, sem greiða í peningum.

Um 13. gr.

Það er hætt við, að vinna sú, sem bæjum verður látin í té í stað peningagreiddslu, komi þeim ekki að sömu notum og þegar þeir geta ráðið vana menn til starfs um lengri tíma, og þykir því sanngjarnt að heimila bæjarstjórn að telja vinnu þessa sem framlag á móti atvinnubótastyrk úr rikissjóði, ef um hann er að ræða. Því verður ekki heldur neitað, að þessi vinna verður að

ýmsu leyti svipuð atvinnubótavinnu. Það mun jafnan vera svo, að þeir, sem atvinnubóta njóta, hafa hana ekki að staðaldri, heldur með millibilum. Þeim, sem slíka vinnu hafa, ætti að standa nokkuð á sama, þótt þeir ynnu sem næst einum degi lengur, til þess að vinna af sér skuld við bæinn, en út frá því er gengið, að þetta hafi ekki áhrif á sjálfa atvinnubótavinnuna.

Um 14. gr.

Þann hluta skattsins, sem greiðast á í peningum, verður bæjarstjórn að sjálfsgöðu að innheimta, og virðist líklegt, að gjalddagi hans verði hafður hinn sami og gjalddagi útsvara, en annars þykir réttast að láta bæjarstjórn ráða gjalddaganum, eins og tekið er fram í 10. gr.

III. kafli.

(Um vörugjald).

Í athugasemdum þessum hefir áður verið vikið að því, hversu erfið innheimta útsvaranna væri, þar sem þau hafa á síðustu tímum hækkað stórkostlega og eru sem stendur langþyngsti skatturinn, sem á landsmönnum hvílir. Að þannig vöxnu máli hefir nefndin tekið það rækilega til athugunar að útvega nýja tekjustofna, sem ekki hefðu þá ágalla, sem útsvörin hafa að því er innheimtuna snertir. Var allmikið um þetta rætt í nefndinni, og virtust nefndarmönnum ekki vera nema tvær leiðir fyrir höndum, önnur sú, að afla tekna með sérstöku vörugjaldi, en hin að ná þeim með viðauka við tolla til rikissjóðs. Eftir talsverðar bollaleggingar um þetta, varð það úr, að báðar þessar leiðir skyldu farnar, og ætla kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, tekjur af vörugjaldi, en öðrum hreppum tekjur af tollaukum. Um hið síðasta verður nánar rætt í athugasemdunum um næsta kafla, en hér þykir ástæða til að gera nokkra grein fyrir vörugjaldinu.

Nefndin telur enga ástæðu til að rökstyðja nánar þörf bæjarfélaga og kauptúna á nýjum tekjustofni, því að það mál hefir þegar verið svo mikið rætt á þingi, og virðist vera algert samkomulag um það. Allir kaupstaðir og kauptún landsins eru að meira eða minna leyti byggð upp vegna verzlunar eða annara svipaðra viðskipta. Þó að það sé nokkuð mismunandi, hve mikið kveður að þessu á hinum ýmsu stöðum, þá er það þó víst, að það er varla hægt að hugsa sér, að hin opinberu gjöld náist inn, eins há og þau eru nú orðin, án þess að verulegur hluti komi frá verzlun og viðskiptum þess kaupstaðar eða kauptúns, sem í hlut á. Með vörugjaldi á að vera hægt að ná þessu marki að nokkru leyti, og fyrir því hefir nefndin lagt til, að inn á þá braut verði farið.

Á langflestum stöðum, ef ekki öllum, sem hér er um að ræða, eru tekin vörugjöld í hafnarsjóð af fleiri eða færri vörum, sem flytjast að eða frá viðkomandi stað. Af þessu leiðir, að þegar eru til eða hafa verið stofnaðar innheimtustofur eða eru starfandi sérstakir innheimtumenn, til þess að krefja inn slíkt gjald, og almenningur er orðinn því vanur. Af innheimtu þessa gjalds

ætti því hvorki að leiða mjög mikil óþægindi fyrir almenning né mjög mikill kostnaður að vera samfara innheimtunni.

Það vörugjald, sem kemur inn á hverjum stað, dregst frá þeirri fjárhæð, sem jafna þarf niður með útsvörum eftir eignum og ástæðum. Útsvörin eiga því, að öðru jöfnu, að geta lækkað sem vörugjaldinu nemur. Að þessu athuguðu sést, að það er álitamál, hversu hátt vörugjaldið skal vera. Fer það eftir því, hversu mikið útsvörin eru talin þurfa að lækka, til þess að fjárlög viðkomandi staðar sé horgið. Er sennilegt, að slíkt sé nokkuð mismunandi og hætt við, að mismunandi skoðanir verði um það, en þar verður meiri hluti úr að skera. Nefndin telur, að gjald þetta megi ekki lægra vera en rágert er í frv., en við-urkennir fyllilega, eins og að framan er bent á, að hér er um fullkomið álitamál að ræða. Þar við bætist, að ekki verður með neinni vissu sagt, hve miklu gjald þetta nemur í heild eða á hverjum ákveðnum stað. En ekki er fyrirhafnarsamt að breyta gjaldinu síðar með nýrri löggjöf, ef reynsla sýnir, að það þyki ekki hæfilega hátt.

Nefndin hefir ekki talið rétt að flokka mjög nákvæmlega þær vörur, sem gjaldskyldar eru, til þess að gera ekki innheimtuna of erfiða, enda er gjaldið ekki hærra en það, að tæpast verður sagt, að það muni verulega, en annars er hið sama að segja um flokkunina og upphæð gjaldsins, að hvorttveggja er mjög álitamál. Vörugjaldið verður að sjálfsgöðu því sanngjarnara, sem meira er flokkað, en nefndin hefir talið rétt að láta þetta atriði þoka fyrir því meginatriði, að gjaldið sé ekki mjög fyrirhafnarsamt í innheimtu.

Vörugjaldið hefir þann kost, að mjög litill hætt er á, að það tapist, þar sem það hvílir með haldsrétti á vörunum. Að sönnu má ganga út frá, að eitthvað af vörum sleppi undan gjaldi, t. d. ef mótorbátur kemur með litinn slatta, en slíkt verður að vera undir árvekni innheimtumanns komið, og engin hætt á, að undanbrögð í stórum stil geti átt sér stað.

Um einstakar gr. kaflans er þetta tekið fram.

Um 15. gr.

Það þótti ekki rétt að fyrirskipa, að allir kaupstaðir og kauptún, sem eru sérstök hreppsfélög, taki vörugjald, því að vera má, að ástæður kunnir að vera þannig sumstaðar, að gjald þetta teljist óþarft. Vörugjald ætlast frv. til, að einungis verði tekið af vörum, sem fluttar eru sjóleiðis. Að sönnu mætti hugsa sér, að vörugjald væri greitt af vörum, sem fluttar eru landleiðina, en þegar af þeirri ástæðu, að slíkt innheimta mundi verða ákaflega kostnaðarsöm, þótti nefndinni ekki vera um það að ræða að taka upp vörugjald af vörum, sem fluttar eru landleiðina.

Um 16. gr.

Í þessari gr. er mjög farið eftir ákvæðum í hafnarreglugerðum. Þessi ákvæði hafa verið reynd viðsvegar kringum land og, að því er nefndin hezt veit, þótt gefast vel. Annars virðist gr. ekki þurfa skýringa.

Um 17. gr.

Þessi gr. er einnig mjög í samræmi við ákvæði ýmsra hafnarreglugerða og þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Eins og vikið er að í hinum almennu athugasemdum við kaflann, er mikið álitamál, hversu mikið og hvernig skuli flokka vörur til vörugjalds. Hér er stungið upp á 5 flokkum, og getur það varla minna verið, því að allar aðalvörurnar eru í raun og veru í 2 flokkum, 1. og 5. Hinir flokkarnir skera sig svo úr, að í rauninni þarf innheimtumaður gjaldsins aðeins að beita rannsókn eða athugun til þess að greina milli 1. og 5. fl. Sú greining á að vera ákaflega auðveld, því að í 1. flokki eru einungis tilfærðar íslenskar afurðir, sem ástæða þykir til að skatta eins varlega og unnt er og ættu í raun rétttri að vera gjaldfrjálsar, en hin knýjandi þörf bæjar- og sveitarfélaga veldur því, að nefndin sá sér ekki annan veg en hafa einnig þessar vörur gjaldskyldar, en viðurkennir, að þegar unnt verður að slaka til á þessu gjaldi, þá eigi að byrja á að fella niður gjaldið af íslenskum afurðum, að minnsta kosti aðalframleiðsiuvörunum.

Um 19. gr.

Hér eru taldar þær vörur, sem þykja eiga að vera undanþegnar vörugjaldinu. Ber þar mest á fiski og fiskiafurðum. Mundi það þykja hart að leggja gjaldið á afla sjómanna, er þeir koma úr veiðiför. Hið sama er um nauðsynjar skipa, sláturfjárafurðir o. fl. o. fl.

Um 20. gr.

Þessi gr. er í fullu samræmi við ákvæði hafnarreglugerðanna yfirleitt og telst ekki þurfa skýringa.

Um 21. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir verða að hafa innheimtuna á hendi eða sjá um hana. Sumstaðar kann það að þykja hentugt að fela yfirvaldi á staðnum innheimtuna, og hefir nefndinni því þótt ástæða til að taka upp í gr. sérstaka heimild um þetta og ákveða gjald það, sem greiða skal fyrir þá innheimtu.

Um 22. gr.

Með því að fjárhagsafkoma bæja og kauptúna getur verið ákaflega misjöfn, virðist rétt að heimila ráðherra að hækka vörugjaldið, þegar svo stendur á, að bær eða kauptún á sérstaklega erfitt uppdráttar, og getur það átt sér stað bæði vegna þess, að á hlaðist óvenju mikil útgjöld eða greiðslugeta íbúanna þverri mjög.

Um 23. gr.

Á síðasta þingi komu fram mjög háværar raddir um þörf bæjarfélaga og kauptúna til þess að fá nýjan tekjustofn þegar á þessu ári. Til þess að verða við þeirri ósk leggur nefndin til, að vörugjald megi heimta frá 1. júní þ. á. Sést ekki, að neitt eigi að geta verið því til fyrirstöðu, ef frv. þetta á annað borð verður samþykkt á þessu þingi. Að sönnu mætti hreyfa þeirri mótbáru, að fyrir 1. júní verði viðast eða alstaðar búið að jafna niður útsvörum og við þá niðurfjöfnun ekki hægt að taka tillit til vörugjaldsins. Þessi mótbára er þó

ekki veigamikil, því að það er vist, að bæjarfélög og kaupþún, eða forráðamenn þeirra munu fylgjast vel með gerðum þingsins í þessu máli og niðurföfnun mun yfirleitt ekki lokið fyrr en nokkurnveginn er vitað um forlög þessa máls á þingi. Benda má á það í þessu sambandi, að vitað er um bæjarfélag, sem í fjárhagsáætlun sinni fyrir yfirstandandi ár beinlínis áætla með nýjum tekjum á þessu ári, vegna væntanlegra aðgerða þessa þings. Sýnir þetta meðal annars greinilega, hve mikil þörf er á því að útvega nýjan tekjustofn þegar á yfirstandandi ári.

Um IV. kafla.

(Aðflutningsgjald).

Eins og III. kafli þessa frv. ber með sér, er bæjarfélögum og kaupþúnum, sem eru sérstakur hreppur, ætlað að fá tekjur af vörugjaldi. Til jafnvægis gegn því er gert ráð fyrir í þessum kafla, að aðrir hreppar fái tekjur af aðflutningsgjaldi. Hefir þótt tiltækilegast að bæta nokkru við sum aðflutningsgjöldin og láta þann viðauka renna til sveitarfélaganna. Þau aðflutningsgjöld, sem hér er um að ræða, eru kaffi- og sykurtollur, annað aðflutningsgjald (gjald af kakao, súkkulaði, tei, brjóstykkri og konfekt), vörutollur og verðtollur. Hinsvegar hefir ekki þótt rétt að taka með vinfanga- og tóbakstoll, sökum þess, að einkasala er á þeim vörum. Nefndin gerir og ráð fyrir að leggja aukin gjöld á verðlanir ríkissjóðs, er renni til bæjarfélaga og kaupþúna, og verða reglur um það teknar í næsta kafla hér á eftir.

Samkvæmt landsreikningi fyrir árið 1934 hafa aðflutningsgjöld þau, sem hér um ræðir, orðið eins og hér segir:

a) Kaffi- og sykurtollur	kr.	1316138.88
b) Annað aðflutningsgjald	—	100896.36
c) Vörutollur	—	1702961.96
d) Verðtollur	—	1694236.40

Samtals kr. 4814233.60

5% af þessum kr. 4814233.60 er kr. 240710.00, sem ættu að skiptast milli sveitarfélaganna, og mundu þá koma á hvern íbúa þessara hreppa milli kr. 4.00 og kr. 4.50, eða á hrepp með 300 íbúum kr. 1200.00—1350.00. — Á næstu árum má þó búast við, að þetta verði eitthvað minna, vegna minnkandi innflutnings.

Um einstakar gr. þessa kafla skal þetta tekið fram

Um 24. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 25. gr.

Visast fyrst og fremst til hinna almennu athugasemda við þennan kafla. Það er auðvitað álitamál, hversu hátt skal hafa hundraðsgjaldið, ef inn á þá braut er farið, að gera sveitarsjóði að þátttakendum tolltekna, en lægri upp-

hæð en hér er stungið upp á getur varla komið til mála. Nefndin hefir ekki treyst sér til að finna annan grundvöll sanngjarnari til skiptingar þessa fjár en fólksfjölda hreppanna.

Um 26. gr.

Það hefði verið sanngjarnt að ætla innheimtumönnum innheimtulaun af þessu gjaldi, því að auðvitað getur það ekki gengið að bæta sifellt störfum á þessa menn og ætla þeim ekki borgun fyrir. Ástæðan til, að samt er ekki upp á því stungið, er sú, að ganga virðist mega út frá, að lögin um skrifstofukostnað sýslumanna verði mjög bráðlega endurskoðuð og skrifstofukostnaðurinn hækkaður, enda virðist réttara, að skrifstofuféð sé fastákveðið, en ekki að nokkru falið í aukatekjum, sem alls ekki er víst, að kæmu sanngjarnlega niður. Aftur á móti virðist sjálfsagt að fela hinum sömu innheimtu þessa aukatolls og aðaltollsins, því að með því verður fyrirhöfnin minnst.

Þeir innheimtumenn aðflutningsgjalda, sem eru í umdæmum, sem ekki eiga að njóta þess gjalds, sem ræðir um í kafla þessum, eiga að senda aukaaðflutningsgjaldið í vörzlur atvinnumálaráðherra ársfjórðungslega, en hinir geyma það í sínum vörzlum þar til skipting hefir farið fram.

Um 27. gr.

Það virðist nægilegt að gefa innheimtumönnum frest til febrúarmánaðarloka að því er snertir fjárhæð gjalds þess, er ræðir um í þessum kafla, því að allur tollur frá fyrra ári á að vera reiknaður fyrir þann tíma. Skýrslu um ihúatöluna fá sýslumenn hjá prestum.

Um 28. gr.

Í þessari gr. eru gefnar reglur um skiptingu gjaldsins og greiðslu þess, og virðast þær reglur ekki þurfa skýringa.

Um 29. gr.

Oft mun standa þannig á fyrir hreppsnefndum, að þær vanhagar um fé til greiðslu gjalda hreppsins. Þegar svo stendur á, eru vandkvæði á fyrir nefndirnar að biða þar til ársuppgærd er lokið, án þess að fá hluta af því, sem þær eiga að fá eftir þessum kafla. Fyrir því þykir rétt að heimila sýslumanni, er svo stendur á, að greiða hreppsnefnd hluta af gjaldinu, en gæta verður þess, að ekki sé greitt meira fyrirfram en víst sé, að það sé ekki meira en úthlutun sýnir, að viðkomandi hreppur eigi að fá. Gr. er því sett til hægðarauka fyrir hreppsnefndirnar.

Um 30. gr.

Hér er ákveðið, að um aukaaðflutningsgjaldið, sem rennur til sveitarfélaga, skuli gilda allar sömu reglur og um hið tilsvareandi gjald til ríkissjóðs, að því leyti, sem annars er ekki getið í kafla þessum. Er þetta að því er virðist sjálfsagt og mikill kostur að þurfa ekki að gefa sérstakar, nákvæmar reglur um þetta gjald, heldur geta notið reglna, sem búið er að þrautreyna í framkvæmd. Af þessu leiðir einnig, að þær bætur eða breytingar, sem gerðar kunna

að verða á hinn almennu tollalöggjöf, færast af sjálfu sér yfir á þetta gjald sveitarfélaga. Hækkun eða lækkun aðflutningsgjaldanna hefir þá og að sjálf-sögðu sin ábrif á þann hluta gjaldsins, sem er ætlaður bæjar- og sveitarfélögum.

Um 31. gr.

Visast til athugasemdanna við 23. gr.

Um V. kafla.

(Skattur ríkisstofnana).

Samkvæmt lögum nr. 4 4. júní 1924 eru stofnanir ríkissjóðs ekki gjaldskyldar til bæjar- og sveitarfélaga, að öðru leyti en því, að verzlanir ríkisins skulu greiða 5% af nettóarði sínum, þar sem þær eru reknar, hvort heldur er sem aðalverzlun eða útibú. Þetta gjald er miklu lægra en einstakir menn eða félög mundu þurfa að greiða, og það er auðsætt, að ef ríkið heldur áfram að taka að sér meira og meira af verzlun, þá getur það orðið hættulegt fjárhag bæja og kauptúna, sem lengst af hafa haft drjúgan skerf tekna sinna af verzlun. Svipað má segja, ef ríkið tekur að sér atvinnurekstur í stórum stíl, enda er slíkur atvinnurekstur nú með öllu skattfrjáls.

Nefndin hefir því tekið þessi atriði til allrækilegrar athugunar, og varð það ofan á, en ekki ágreiningslaust, að skipa þessum málum, eins og segir í kafla þessum.

Allir nefndarmenn voru á einu máli um það, að rétt væri að hækka framlög ríkisverzlana til bæjarfélaga og kauptúna upp í 10%. Þar af er gert ráð fyrir, að helmingurinn gangi til bæjarfélaga eftir sömu reglum og nú, en helmingurinn fari í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna. Tilgangur þess sjóðs er að hjálpa bæjarfélögum og kauptúnunum með því að grynna á óþægilegum eða dýrum skuldum þeirra og hlaupa undir bagga með þeim, ef óviðráðanleg óhöpp steðja að. Þeir bæir og kauptún, sem hér koma til álitu, eru rúmlega 20, og ætti þeim, er fram líða stundir, að geta orðið talsverð stoð að, sjóðnum. Nefndin vill fela stjórn þessa sjóðs 3 þingkjörnum fulltrúum og láta þá hafa talsvert frjálsar hendur um úthlutun úr sjóðnum, þó innan hæfilegra marka, sem reynt hefir verið að setja í frv.

Nefndin lítur svo á, að það sé höfuðnaudsyn bæja og kauptúna að grynna sem fyrst og sem mest á skuldum og telur nokkru fé frá verzlunum ríkisins vel varið í þessu skyni, enda er ríkissjóður í ábyrgð fyrir fjölmörgum skuldum, sem hér mundu geta komið til álitu, og mætti vel svo fara, að starfsemi þessa sjóðs yrði til þess að firra hann greiðslum vegna þessara ábyrgða.

Þá má og minna á, hver nauðsyn á því er að hafa sjóð, er geti hlaupið undir bagga með bæ eða kauptúni, sem verður fyrir tjóni af náttúruvöldum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og er ekki sjaldgæft, að leitað sé á náðir ríkissjóðs af þeim ástæðum.

Það mun láta nærri, að sá skattur, sem nú greiða verzlanir ríkisins, nemi

100000 kr. á ári. Þessi skattur fer allur til kaupstaðanna, að Neskaupstað þó undanskildum. Við þessum skatti er ekki tilætlunin að hrófla neitt, heldur láta aðeins hækkunina, sem mundi nema sömu fjárhæð, renna í Jöfnunarsjóðinn. Það þykir sjálfsagt, að góðs af þeim sjóði geti notið, ekki einungis kaupstaðirnir allir, heldur og kaupútin, því að einkasölur ríkisins svipta einnig þau tekjum af verzlun, sem þau ella mundu hafa.

Um 32. gr.

Er eins og 1. gr. laga nr. 4 4. júní 1924.

Um 33. gr.

Er að mestu samhljóða 2. gr. sömu laga.

Um 34. gr.

Í þessari gr. eru fyrirmæli um hækkun gjalds ríkisverzlananna, og vísað um það til hinna almennu athugasemda um kaflann.

Um 35. gr.

Í þessari gr. er það nýmæli, að sildarverksmiðjur ríkisins skuli greiða gjald í bæjarsjóð eða sveitar, þar sem þær eru starfræktar. Um þetta er ágreiningur í nefndinni, en því verður varla neitað, að það er ekki sanngjarnt að ætlast til, að stór-atvinnufyrirtæki ríkisins geti verið skattfrjáls, er slík atvinnufyrirtæki einstaklinga og félaga verða að bera hinar þyngstu byrðar. Utan um þess háttar fyrirtæki safnast venjulega margt fólk, og af því hefir hlutaðeigandi bæjarfélag eða sveitar ýmsar byrðar, sérstaklega þegar illa árar. Aftur á móti verður því ekki neitað, að þessi fyrirtæki skapa mikla atvinnu á staðnum, en oft vill svo verða, að fleira safnast að af fólkum en þörf er á.

Um 36. gr.

Það virðist réttast, að atvinnumálaráðherra hafi á hendi stjórn Jöfnunarsjóðs og sjái um inn- og útborganir úr honum og geri reikningsskil. Annars gefur gr. ekki tilefni til athugasemda.

Um 37. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir, að ekki verði árlega notaðir til úthlutunar milli kaupstaða og kaupúna nema $\frac{1}{10}$ af tekjum sjóðsins, og ætti hann því að vaxa sem svarar 10000 kr. á ári, auk nokkurra vaxta. Að öðru leyti er nægilegt að vísa til hinna almennu athugasemda um þennan kafla.

Um 38. gr.

Í stjórn sjóðsins á eftir gr. að velja svo, að ætla má, að sjónarmið þeirra stjórnsmálaflokka, sem mestu ráða á þingi, komi þar fram. Með þessu ætti pólitísk hlutdrægni í úthlutuninni að vera útilokuð, eftir því sem unnt er. Náist ekki meiri hluti í stjórninni, verður að fela atvinnumálaráðherra að skera úr.

Um 39. gr.

Það ræður af líkum, að stjórn sjóðsins verður að gera sér far um að kynna sér fjárhag þeirra, sem til greina geta komið um úthlutun úr sjóðnum. Annars er gert ráð fyrir, að öll bæjarfélög og kaupún, sem um er að ræða, njóti fyrr eða síðar styrks úr sjóðnum, því hann telst þeirra sameiginleg eign.

Um 40. gr.

Það er ekki ólíklegt, að stjórn sjóðsins muni óska eftir skýrslum um hag þeirra, sem til greina geta komið við úthlutun, og er því rétt að gera það að skyldu að gefa umbeðnar upplýsingar. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að fyrirskípa, að sótt sé um framlag úr sjóðnum, því að þeir eru ekki ætíð verðugastir, sem mest bera sig eftir björginni.

Um 41. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 42. gr.

Það hefir þótt rétt að kveða á um greiðslu til sjóðsstjórnarinnar, endurskoðun reikninga o. fl.

Um 43. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um VI. kafla.

(Niðurlagsákvæði).

Um 44.—45. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 12. febrúar 1936.

Jónas Guðmundsson.

Bernh. Stefánsson.

Magnús Guðmundsson.

Fylgiskjöl.

I. Skýrsla um útsvör 1933.

	Útsvör 1933		Mannföldi í árslok 1934		Útsvör 1933		Mannföldi í árslok 1934
	Gjald- endur	Kr.			Gjald- endur	Kr.	
Kaupstaðir				<i>Snæfellsnessýsla</i>			
Reykjavík	10759	2428064	32974	Kolbeinsstaða	83	4605	234
Hafnarfjörður	1022	242445	3773	Eyja	42	1651	103
Ísafjörður	754	194075	2631	Miklaholts	49	3506	169
Siglufjörður	821	138670	2511	Staðarsveit	91	3733	253
Akureyri	1430	251120	4374	Breiðuvíkur	98	4112	257
Seyðisfjörður	381	44955	1013	Nes utan Ennis	160	11340	617
Neskaupstaður	323	67565	1135	Ólafsvíkur	138	11306	447
Vestmannaeyjar	887	180708	3458	Fróðár	45	1953	130
Samtals	16337	3547602	51869	Eyrarsveit	111	6165	405
				Stykkishólms	219	25780	619
Hreppar				Helgafellssveit	85	3548	206
<i>Gullbringusýsla</i>				Skógarstrandar	76	2713	184
Grindavíkur	165	13565	559	Samtals	1197	80412	3624
Hafna	58	5942	150				
Miðnes	165	22585	514	<i>Dalassýsla</i>			
Gerða	134	11385	389	Hörðudals	56	3320	130
Keflavíkur	348	39955	1157	Miðdala	117	6248	233
Vatnleysustrandar	95	10275	330	Haukadals	61	2095	146
Garða	114	10109	219	Laxárdals	115	10593	263
Bessastaða	54	7227	161	Hvamms	95	3500	159
Samtals	1133	121043	3479	Fellsstrandar	78	2622	152
				Klofnings	51	2275	99
<i>Kjósarsýsla</i>				Skarðs	66	2505	119
Seltjarnarnes	176	16058	512	Saurbæjar	123	4941	243
Mösfells	186	13577	375	Samtals	762	38099	1544
Kjalarnes	85	4895	214				
Kjósar	138	5300	295	<i>Austur-Bardastrandars.</i>			
Samtals	585	39830	1396	Geiradals	44	2350	93
				Reykhóla	107	4125	243
<i>Borgarfjarðarsýsla</i>				Gufudals	44	1535	151
Strandar	78	4221	171	Múla	42	1235	112
Skilmanna	43	1591	106	Flateyjar	116	9850	317
Innri-Akranes	70	5050	161	Samtals	353	19095	916
Ytri-Akranes	477	60169	1569				
Leirár- og Mela	68	3155	134	<i>Vestur-Bardastrandars.</i>			
Andakíls	77	6091	181	Bardastrandar	106	5059	319
Skorradals	52	3328	128	Rauðasands	122	5288	323
Lundarreykjadals	57	3358	118	Patreks	238	27895	658
Reykholtsdals	81	4132	194	Tálknafjarðar	98	4500	243
Hálsa	40	2000	115	Dala	75	2627	196
Samtals	1043	93095	2877	Suðurfjarða	177	9700	407
				Samtals	816	55069	2146
<i>Mýrarsýsla</i>							
Hvítársíðu	53	2776	130	<i>Vestur-Ísafjarðarsýsla</i>			
Þverárhliðar	57	2877	103	Auðkúlu	81	1567	207
Norðurárdals	59	2895	142	Þingeyrar	293	18144	734
Staffholtstungna	106	4931	246	Mýra	125	5873	340
Borgar	124	6595	253	Mosvalla	98	4106	271
Borgarnes	160	13005	488	Flateyrar	183	16910	525
Álftanes	75	4021	171	Suðureyrar	186	11325	472
Hraun	122	5364	237	Samtals	966	57925	2549
Samtals	756	42464	1770				

I. Skýrsla um útsvör 1933 (frh.).

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934		Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
	Gjald- endur	Kr.			Gjald- endur	Kr.	
<i>Norður-Ísafjarðarsýsla</i>				Skagafjarðarsýsla (frh.)			
Hóls	370	33845	782	Haganes	79	4257	227
Eyrar	215	24500	522	Holts	92	4735	216
Súðavíkur	159	18340	420	Samtals	1606	95229	3961
Ögur	106	5130	238				
Reykjarfjarðar	57	2077	156	<i>Eyjafjarðarsýsla</i>			
Nauteyrar	58	3920	182	Grimseyjar	44	1935	116
Snæfjalla	54	2800	141	Ólafsfjarðar	262	17261	865
Grunnavíkur	97	3730	257	Svarfaðardals	354	14425	1076
Sljettu	178	13914	488	Hriseyjar	133	12310	366
Samtals	1294	108256	3186	Árskógs	117	4762	336
				Arnarnes	153	7153	407
<i>Strandasýsla</i>				Skriðu	58	4020	162
Árnes	157	6771	452	Öxnadals	50	3067	121
Kaldrananes	132	5016	395	Glæsibæjar	266	24251	807
Hrófbergs	136	5743	416	Hrafnagils	103	7718	252
Kirkjubóls	66	2288	155	Saurbæjar	171	10496	430
Fells	55	1078	97	Öngulsstaða	170	14450	381
Óspakseyrar	41	757	103	Samtals	1881	121848	5319
Bæjar	136	5859	315				
Samtals	723	27512	1933	<i>Suður-Pingeyjarsýsla</i>			
				Svalbarðsstrandar	85	5284	248
<i>Vestur-Húnavatnssýsla</i>				Grýtubakka	182	12240	521
Staðar	68	4100	150	Háls	146	5029	296
Fremri-Torfustaða	101	4657	205	Flateyjar	52	2645	153
Ytri-Torfustaða	128	6084	219	Ljósavatns ¹	120	4374	294
Kirkjuhvamms	233	12150	528	Bárðdæla	94	5850	198
Þverár	113	8935	258	Skútustaða	170	7740	377
Porkelshóls	112	5300	270	Reykdale	164	6847	394
Samtals	755	41226	1630	Aðaldæla ¹	143	6368	393
				Reykja	52	3390	106
<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>				Húsavíkur	346	26120	938
Ás	103	4678	212	Tjörnes	64	2760	147
Sveinsstaða	78	4595	176	Samtals	1618	88647	4065
Torfalækjar	68	4900	157				
Blönduós	115	9549	297	<i>Norður-Pingeyjasýsla</i>			
Svinavatns	111	5908	211	Keldunes	97	2511	222
Bólstaðarhlíðar	121	5809	236	Öxarfjarðar	88	4700	200
Engihlíðar	115	5299	257	Fjalla	29	1500	65
Vindhælis	239	12484	669	Presthóla	174	11195	556
Samtals	950	53222	2215	Svalbarðs	75	2487	263
				Sauðanes ¹	128	11376	504
<i>Skagafjarðarsýsla</i>				Samtals	591	33769	1810
Skefilsstaða	95	5222	169				
Skarðs	58	1983	115	<i>Norður-Múlasýsla</i>			
Sauðárkróks	291	35285	875	Skeggjastaða	113	6952	293
Staðar	66	2285	198	Vopnafjarðar	266	22045	757
Seylu	127	4817	253	Jökuldals	109	6770	211
Lýtingsstaða	150	6252	376	Hlíðar	53	2600	145
Akra	163	8015	400	Tungu	103	4510	199
Rípur	51	2502	119	Fella	104	4122	198
Viðvíkur	79	3333	156	Fljótsdals	129	6133	243
Hóla	86	2791	162	Hjaltastaða	90	5266	196
Hofs	218	11967	578				
Fells	51	1785	117				

¹⁾ Tala gjaldenda og útsvarsupphæð frá 1932.

I. Skýrsla um útsvör 1933 (frh.).

	Útsvör 1933		Mannföldi í ársflok 1934		Útsvör 1933		Mannföldi í ársflok 1934
	Gjald- endur	Kr.			Gjald- endur	Kr.	
<i>Norður-Múlasýsla (frh.)</i>				<i>Vestur-Skaftafellssýsla (frh.)</i>			
Borgarfjarðar	119	5850	302	Hvammss	215	12624	514
Loðmundarfjarðar	27	1400	72	Dyrhóla	99	6648	265
Seyðisfjarðar	58	5010	193	Samtals	724	33487	1744
Samtals	1171	70658	2809				
<i>Suður-Múlasýsla</i>				<i>Rangárvallasýsla</i>			
Skriðdals	54	2102	145	Austur-Eyjafjalla	138	6530	301
Valla	106	4713	230	Vestur-Eyjafjalla	166	5602	477
Eiða	85	4400	181	Austur-Landeyja	127	6312	364
Mjóafjarðar	78	6000	183	Vestur-Landeyja	119	5696	295
Norðfjarðar	86	4585	226	Fljótshlíðar	139	9223	394
Helgustaða	88	3455	177	Hvol	101	4520	231
Eskifjarðar	(92)	20450	746	Rangárvalla	113	5171	311
Reyðarfjarðar	195	13270	468	Landmanna	110	4294	254
Fáskrúðsfjarðar	104	8140	347	Holta	125	4634	314
Búða	207	27240	602	Ása	222	12567	571
Stöðvar	50	3751	181	Samtals	1360	64549	3512
Breiðdals	122	7367	311				
Berunes	60	2009	148	<i>Árnessýsla</i>			
Geithellna	175	9638	444	Gaulverjabæjar	91	8081	346
Samtals	1502	117120	4389	Stokkseyrar	274	17240	646
				Eyrarbakka	214	17660	578
<i>Austur-Skaftafellssýsla</i>				Sandvíkur	111	9508	274
Bæjar	69	1570	168	Hraungerðis	125	8344	261
Nesja	159	5429	401	Villingaholts	101	8015	300
Mýra	77	1767	185	Skeiða	71	7063	265
Borgarhafnar	78	924	182	Gnúpverja	88	5830	223
Hofs	83	1329	194	Hrunamanna	156	11758	401
Samtals	466	11019	1130	Biskupstungna	150	11795	393
				Laugardals	56	4644	176
<i>Vestur-Skaftafellssýsla</i>				Grimsmes	117	10160	313
Hörgslands	114	4523	276	Pingvalla	35	1878	96
Kirkjubæjar	96	3460	232	Grafnings	30	1899	72
Leiðvallar	102	2283	250	Ölfus	168	12381	429
Álftavers	45	1544	107	Selvogs	26	1612	97
Skaftártungu	53	2405	100	Samtals	1813	137868	4870
				Allir hreppar	24065	1551442	62874

II. Fasteignaskattur í kaupstöðum, talinn eftir tillögum nefndarinnar.

Kaupstaðir	Land- og lóðaverð 1 %	Húsaverð 1 %	Skattur samtals	Útsvör 1934
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Ísafjörður	1200	4100	53	209
Siglufjörður	2900	4800	77	165
Akureyri	2400	7300	97	285
Seyðisfjörður	600	1900	25	42
Neskaupstaður	200	1300	15	69
Vestmannaeyjar	2200	6200	84	179
Hafnarfjörður	2700	5500	82	231
Reykjavík	20200	58000	782	2453
Samtals	32400	89100	1215	3637

III. Fasteignaskattur í sýslum, talinn eftir tillögum nefndarinnar.

Sýslur	Landverð 0.3 %	Húsaverð 0.2 %	Skattur samtals	Útsvör 1933
	kr.	kr.	kr.	kr.
Rangárvallasýsla	1562600	1296000	7278	64549
Árnessýsla	3416300	3685400	17618	137868
Gullbringusýsla	1827000	3037100	11555	121043
Kjósarsýsla	1669300	2050100	9107	39830
Borgarfjarðarsýsla	1645600	2336700	9607	93095
Mýrasýsla	1190900	1666500	6902	42464
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	1349400	1889600	7825	80412
Dalassýsla	1014800	608800	4258	38099
Austur-Barðastrandarsýsla	442000	321900	2610	19095
Vestur-Barðastrandarsýsla	574300	1216000	4154	55069
Vestur-Ísafjarðarsýsla	654700	1724700	5410	57925
Norður-Ísafjarðarsýsla	1168500	2222000	7948	108256
Strandasýsla	665100	697400	3389	27512
Vestur-Húnavatnssýsla	838000	586800	3686	41226
Austur-Húnavatnssýsla	1224800	1018000	5708	53222
Skagafjarðarsýsla	1992400	1674400	8324	95229
Eyjafjarðarsýsla	2218000	2697100	12048	121848
Suður-Pingeyjarsýsla	1824700	2510800	10492	88647
Norður-Pingeyjarsýsla	892000	1115400	4906	33769
Norður-Múlasýsla	1617400	1240300	7331	70658
Suður-Múlasýsla	1673000	3192600	11403	117120
Austur-Skaftafellssýsla	500500	730300	2960	11019
Vestur-Skaftafellssýsla	610000	706800	3242	33487
Samtals	30370300	39324700	167761	1551442

IV. Fasteignaskattur í kaupúnum samkv. tillögum nefndarinnar.

	Lóða- verð 1 %	Húsa- verð 1 2 %	Annað landverð 0.3 %	Samtals	Útsvör 1933
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	kr.	kr.
Kaupún					
Keflavík	400	1200	200	10600	39955
Akranes	400	1300	"	10500	60169
Ólafsvík	83	200	"	1840	11306
Stykkishólmur	78	500	110	3610	25780
Patreksfjörður	14	600	110	3474	27895
Bolungavík	104	400	90	3310	33845
Sauðárkrökur	78	700	"	4280	35285
Húsavík	200	1000	190	7570	26120
Eskifjörður	150	700	"	5000	20450
Búðahreppur	200	700	"	5500	27240
Eyrarbakki	50	300	130	2390	17660
Samtals	—	—	—	58070	325705

V. Skýrsla um fasteignaskatt í hreppum (einum úr hverri sýslu).

Hreppar	Land- og húsa- verð samtals á 0.2 %		Útsvör 1933	Hreppar (frh.)	Land- og húsa- verð samtals á 0.2 %		Útsvör 1933
	þús. kr.	kr.			þús. kr.	kr.	
Fljótshlíðar	408	816	9223	Bæjar	263	526	5859
Hrunamanna	532	1064	11758	Pverár	246	492	8935
Bessastaða	385	770	7227	Svínavatns	216	432	5908
Mosfells	1277	2254	13577	Ákra	409	818	8015
Andakils	646	1292	6091	Öngulsstaða	675	1350	14450
Borgar	486	972	6595	Reykdale	468	936	6847
Staðarsveit	236	472	3733	Sauðanes	685	1370	11376
Laxárdals	347	694	10593	Fella	239	478	4122
Flateyjar	351	702	9850	Valla	358	716	4713
Rauðasands	218	436	5288	Hofs	142	284	1329
Mýra	219	438	5873	Kirkjubæjar	225	450	3460
Ögur	232	464	5130				

**VI. Skýrsla um fasteignaskatt í sveitahreppi (Hrafnagilshreppi í Eyjafirði),
er sýnir hvernig skatturinn, reiknaður í hámarki, skiptist þar á býli.**

	Landverð	Skattur 0.3%	Húsaverð	Skattur 0.2%	Samtals
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Torfur	3800	10.40	1600	3.20	13.60
2. Gilsbakkí	4400	13.20	1000	2.00	15.20
3. Möðrufell	12600	37.80	13600	27.20	65.00
4. Hraungerði	3000	9.00	600	1.20	10.20
5. Finnastaðir	6500	19.50	2300	4.60	24.10
6. Holt	2700	8.10	800	1.60	9.70
7. Holtssel	3300	9.90	600	1.20	11.10
8. Miðhús	3400	10.20	800	1.60	11.80
9. Grund	18000	54.00	50000	100.00	154.00
10. Hólshús	5400	16.20	1300	2.60	18.80
11. Dvergastaðir	4300	12.90	1400	2.80	15.70
12. Litli Höll	4900	14.70	5300	10.60	25.30
13. Espihóll	14000	42.00	8600	17.20	59.20
14. Viðigerði	6800	20.40	1500	3.00	23.40
15. Merkgil	3500	10.50	1100	2.20	12.70
16. Hranastaðir	3200	9.60	1200	2.40	12.00
17. Stokkahláðir	7600	22.80	10800	21.60	44.40
18. Botn	3400	10.20	1000	2.00	12.20
19. Hrafnagil	10800	32.40	15800	31.60	64.00
20. Grísará	4100	12.30	900	1.80	14.10
21. Kroppur	8200	24.60	8800	17.60	42.20
22. Kristnes	11700	35.10	13800	27.60	62.70
23. Reykhús	9400	28.20	10900	21.80	50.00
24. Hjálmsstaðir	3000	9.00	400	0.80	9.80
25. Klúkur	2000	6.00	1800	3.60	9.60
26. Teigur	4500	13.50	3200	6.40	19.90
27. Syðra Gil	4000	12.00	4200	8.40	20.40
28. Ytra Gil	3800	11.40	3900	7.80	20.20
29. Vaglar	4000	12.00	1300	2.60	14.60
30. Hvammur	10700	32.10	12300	24.60	56.70
31. Litli Hvammur	1700	5.10	4300	8.60	13.70
Samtals	--	--	--	--	936.30

**VII. Skýrsla um fasteignaskatt á nokkrum húseignum í kaupstöðum,
er sýnir skattinn nú og hver hann yrði í hámarki eftir tillögum nefndarinnar.**

Húseignir	Lóðaverð			Húsaverð			Skattur nú			Athugasemdir
	kr.	Skattur nú	Skattur samkv. frv.	Skattur nú	Skattur samkv. frv.	Skattur nú	Skattur samkv. frv.	Hækkun samkv. frv.		
Hús nr. 1	11300	67.80	226.00	41900	335.20	419.00	403.00	645.00	242.00	Reykjavík
2	3100	18.60	62.00	28600	228.80	286.00	247.40	348.00	100.60	—
3	40100	240.60	802.00	181200	1449.60	1812.00	1690.20	2614.00	923.80	—
4	2600	15.60	52.00	16600	132.80	16600	148.00	218.00	69.60	—
5	1600	9.60	32.00	1900	15.20	19.00	24.80	51.00	26.20	—
6	2500	50.00	50.00	25000	»	250.00	50.00	300.00	250.00	Akureyri
7	3000	30.00	60.00	28000	280.00	280.00	310.00	340.00	30.00	Ísafjörður
8	2800	»	56.00	18000	»	180.00	»	236.00	236.00	Hafnarfjörður
9	3500	14.00	70.00	20000	80.00	200.00	94.00	270.00	176.00	Vestmannaeyjar
10	2200	»	44.00	30000	150.00	300.00	150.00	344.00	194.00	Norðfjörður
11	2000	40.00	40.00	18000	»	180.00	40.00	220.00	180.00	Seyðisfjörður
12	3000	12.00	60.00	35000	140.00	350.00	152.00	410.00	258.00	Siglufjörður